





POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



30
DAGA
SKAMMTUR

www.celusus.is



Frítt
Arctic Flower Serum
fylgir með TARAMAR
vörum á Tax Free
1-7. júlí, einungis í Hagkaup
Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri



Þorvaldur P. Hjarðar, formaður Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, leiðir göngur á heiðarbýlin á sumrin og er nokkuð kunnugur á svæðinu. Hér stendur hann við endurbyggt torfhús sem stendur við Hjarðarhaga í Jökuldal, alveg við þjóðveg 1. Húsið er opið almenningi.

MYND/ADSEND

Varðveita sögu heiðarbýlanna

Á Jökuldalsheiði er hægt að skoða tugi gamalla heiðarbýla sem hafa lagst í eyði. Þangað fluttist fólk í stórum stíl á 19. öld þegar þrengja tók að fólki í nærliggjandi sveitum en eld-gos, vesturfaraferðir og breytt atvinnutækifæri tæmdu heiðarbýlin smám saman. **2**



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Á Jökuldalsheiði í Fljótsdalshéraði eru tugir gamalla heiðarbýla sem voru í byggð á 19. og 20. öld, en hafa nú lagst í eyði. Þar bjó að mestu fólk frá Fljótsdalshéraði sjálfu, en einnig frá Austfjörðum og Norðurlandi, og þegar mest var bjuggu 120 manns á svæðinu. Árið 1992 endurbyggði Jökuldalshreppur heiðarbýlið Sænautasel í sinni upprunalegu mynd, en þar var lengst af öllu búið, og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sveitarfélagið Fljótsdalshérað og Kaupvangur, menningar- og fræðasetur Vopnfirðinga, gáfu svo út upplýsingabækling um býlin til að varðveita sögu svæðisins og sveitarfélagið kom upp ferðaþjónustu á svæðinu. Nú er einfalt að fylgja gönguleiðum til að skoða heiðarbýlin og á sumrin er líka boðið upp á gönguferðir um svæðið með leiðsögn.

Góð skilyrði fyrir búskap
„Föst búseta á Jökuldalsheiði árið um kring stóð yfir í rúma öld, frá 1841–1946. Býlin í Jökuldalsheiði urðu alls 16 og voru reist á árunum 1841 til 1862,“ segir Þorvaldur P. Hjarðar, formaður Ferðafélags



Heiðarbýlið Sænautasel var lengst allra býla í byggð. Árið 1992 var bærinn svo endurbyggður í sinni upprunalegu mynd með leiðsögn frá Eyþóri Guðmundssyni og bræðrum hans. Eyþór er sonur síðustu ábúenda á Sænautaseli og sést hér í dyrunum.

MYND/ÆSEND

Ferðaþjónusta og gönguleikur
„Heiðarbýlið Sænautasel var lengst allra býla í byggð, en þar var búið í 95 ár milli 1843–1943, en ekki í fimm ár eftir Öskjugosið 1875. Árið 1992 var bærinn svo endurbyggður í upprunalegri mynd með leiðsögn frá Eyþóri Guðmundssyni og bræðrum hans, en þeir eru synir síðustu ábúenda á Sænautaseli,“ segir Þorvaldur. „Hugmyndin á bak við þetta verkefni kemur frá Jökuldælingum sjálfum, en hugsunin var að varðveita eitt heiðarbýli í upprunalegri mynd á meðan enn var til fólk sem bjó þarna og mundi hvernig þetta leit út, svo þetta gleymdist ekki.

Um leið voru settir upp staukar hjá 22 býlum þar sem finna má upplýsingar um býlin, ábúendur þeirra og sögur tengdar þeim, ásamt gestabók og stimpli. Árið 2017 var svo fjórum býlum á Almennungi í Selárdal bætt við,“ segir Þorvaldur. „Það er göngu-leikur í gangi tengdur verkefninu sem felst í því að safna 10 stimplum í sérstakt kort og skila því til Ferðafélags Fljótsdalshéraðs eða á Egilsstaðastofu við Tjaldstæðið á Egilsstöðum. Í september á hverju ári er svo dregið úr kortunum um alls kyns veglega vinninga. Kortin kosta 500 krónur og eru til sölu í Sænautaseli, á Upplýsingamiðstöðvum á Egilsstöðum og Vopnafirði, hjá Egilsstaðastofu og á skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs.

Á sumrin er starfrækt menningartengd ferðaþjónusta á Sænautaseli og fólk getur séð hvernig fólk bjó þar í byrjun síðustu aldar,“ segir Þorvaldur. „Þar er tjaldsvæði og safn um gamla bæinn og þar er bæði hægt að fá silung úr Sænautavatni og kakó og heimagerðar lummur með rjóma og rabarbarasultu.“

Leiðsögn á sumrin
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs stendur fyrir göngum á heiðarbýlin á sumrin undir nafninu „Heiðarbýlin í göngufæri“, en þau eru á nokkuð stóru svæði, svo þau eru ekki öll heimsótt í einu.

„Sú fyrsta verður núna í ágúst og þá verður farið þarna um og gestir geta heyrt um þá sem bjuggu á bæjunum, kosti þeirra og af hverju fólk ákvað að búa þarna,“ segir Þorvaldur. „Klassíska gönguferðin er á tíu heiðarbýli og svo er endað í kvöldmat á Sænautaseli. Þetta er mjög þægileg ganga og frekar fjölskylduvæn ferð. Svo er líka hægt að fara í lengri göngur og við bjóðum líka upp á svokallaða vaðferð, en þá þarf að vaða ár, en þær eru ekki vatnsmiklar. Við viljum bjóða fleiri en einn valkost svo það sé hægt að breyta til. Það er hægt að kynna sér leiðirnar í bæklingnum um göngurnar, sem er á vef ferðafélagsins. Það ættu líka allir að geta ratað þetta án leiðsagnar. Það eru góðar merkingar við gönguleiðirnar og þær eru yfirleitt ekki mjög langar.

Þeir sem hafa áhuga á að fara í göngu geta líka haft samband við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og þá er hægt að panta leiðsögn fyrir þá gönguleið sem fólk vill fara. Oft sækist fólk til dæmis eftir því að koma á staði sem það á ættir að rekja til og við höfum þetta bara eftir hentisemi,“ segir Þorvaldur að lokum. ■

Nánari upplýsingar má finna á vef Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, www.ferdaf.is, þar á meðal bækling með ítarlegum upplýsingum um heiðarbýlin og göngurnar á þau.

ERU FLUGUR, FLÆR EÐA MAURAR AÐ ERGJA ÞIG?

Effitan flugnafæluúði er með mikla virkni, náttúrulegur og án DEET. Rannsóknir* sýna að Effitan verndar í allt að 8 tíma.

Öruggt fyrir ófrískar konur og frá þriggja mánaða. Passa að efnið berist ekki í augu og munn.

Virku innihaldsefnin í Effitan eru ma. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sitrónu júkalyptus) og citronella (grastegund sem er notuð í ilmliuri).

Effitan er 98,88% náttúrulegurog án allra Paraben efna.

EITUREFNALAUST

*Rannsóknir frá Swiss tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlin

Útsölustaðir: Apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna



ÚTSALAN ER HAFIN!



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara **BRAX**



Hér er ljósmynd sem sýnir síðustu heiðarbændurna í kaupstaðarferð á Seyðisfirði um 1940.

MYND/ÆSEND

Fljótsdalshéraðs. „Auk þessara býla nær verkefnið líka til tíu annarra býla í nágrenninu sem eru á Vopnafjarðarheiði og í Selárdal.

Það voru að mörgu leyti góð skilyrði fyrir búskap þarna á heiðinni, en það var yfirleitt snjópungt, enda voru flest býlin í yfir 500 metra hæð yfir sjávarmáli,“ segir Þorvaldur. „Það var ágæt silungsveiði í flestum vötnum á svæðinu, mikil rjúpnaveiði á veturna og eitthvað af gæsum, öndum og álfthum á sumrin. Þarna gengu hreindýr líka frjáls og þau voru nokkur búbót.

Við Öskjugosið 1875 lögðust eiginlega allir bæirnir í eyði vegna öskufalls, sem var sérlega mikið á hálendinu, en fólk hóf reyndar búskap aftur í sumum þeirra nokkrum árum síðar. En margir fluttu burt, fyrst í sveitirnar um kring og svo fór fjöldi þeirra til Kanada, svo margir Vestur-Íslendingar eru afkomendur fólks af Jökuldalsheiði,“ segir Þorvaldur. „Þau heiðarbýli sem lifðu lengst voru þau sem voru við vötn með veiði, en þau voru Sænautasel, Veturhús og Heiðarsel, en það síðastnefnda fór síðast allra í eyði, þegar ábúendur fluttu á Seyðisfjörð árið 1946. Það var myndarbýli, en bóndinn, Guðjón Gíslason, var búfræðingur, svo þar var að finna túnsléttun, áveitu og fleira sem ekki var almennt í heiðinni.“

Margir biðu einhvers betra
„Margir þeirra sem bjuggu á

heiðarbýlunum voru að biða eftir betri jörð. Björn Jóhannsson, sem átti síðar eftir að verða skólastjóri á Vopnafirði, og kona hans, Anna Magnúsdóttir, ljósmóðir frá Hjarðarhaga, bjuggu til dæmis á Veturhúsum á árunum 1917 til 1921, en þegar Björn fékk fasta stöðu á Vopnafirði fluttu þau burt. Sigurður Benediktsson, afabróðir minn, var ráðsmaður hjá prestinum í Hofteigi, en þegar prestur bregður búi þurfti hann að fara af jörðinni og flutti þá á heiðarbýlið Ármótasel í tvö ár á meðan hann beiddi eftir að komast á betri jörð í Jökuldal,“ útskýrir Þorvaldur. „Þetta er dæmigert, það var mikið renneri á þessum stöðum. Svo þegar betur borguð vinna fór að bjóðast var lítið sem hélt fólki á heiðunum og ferðirnar til Ameríku hjuggu líka stór skörð í fólksfjöldann. Þá fara öll býlin í eyði, sem og efri hluti Jökuldals.

Það hefur verið skrifað talsvert um heiðarbýlin. Gunnar Gunnarsson skrifaði um þau í bókunum Heiðaharmur og Sálumessa og Halldór Stefánsson skrifaði um þau í Austurland, bók II, sem heitir „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“,“ segir Þorvaldur. „Halldór Laxness fékk líka innblástur fyrir bókina Sjálfstætt fólk í heimsókn á heiðarbýlin, en hann kom við á Veturhúsum og gisti í Sænautaseli. Talið er að Veturhús hafi orðið fyrirmyndin að Sumarhúsum og Bjartur bóndi hafi verið samsuða úr ýmsum persónum af svæðinu.“

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Viglundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Icebreaker

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Everyday leggings ♂♀
11.990 kr.



Oasis ♀
Hálfrennd
15.990 kr.



Oasis ♂♀
Síðerma
14.990 kr.



Sphere ♂
Síðerma
13.990 kr.



Barna bolur 🐾
7.490 kr.



Barna leggings 🐾
7.490 kr.



Léttir hanskar
4.890 kr.



Quantum ♀
Heilrennd
27.990 kr.



Quantum ♂
Heilrennd
27.990 kr.



Sokkar
Hike+ Light
3.990 kr.



Oasis ♂♀
Hálsíðar leggings
13.590 kr.



Anatomica ♂
Nærbuxur
6.590 kr.



Siren Tank ♀
Hlýrabolur
8.390 kr.



Tech ♂
Hálfrennd
19.990 kr.



Tech Lite ♀
Stutterma
11.990kr



Tech Lite ♂
Stutterma
12.990 kr.



Elemental ♂
Heilrennd
31.990 kr.



Sprite Racerback ♀
Toppur
8.490 kr.



Zone ♀
Síðerma
19.990 kr.

Stingum af ...

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Einstök gæði



Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótör 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL

Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipti 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda
brons, silfur og gullpeninga.
Peningaseðla frimerki póstkort.
Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf.

Síðumúla 5

108 Reykjavík

511 1225

intellecta.is